

## **Niðurstaða úttektar á eignastýringarsviði VBS Fjárfestingarbanka hf.**

Framkvæmd var athugun á eignastýringarsviði VBS Fjárfestingarbanka hf. (VBS) með heimsókn þann 15. ágúst 2008. Athugunin beindist fyrst og fremst að starfsháttum á eignastýringarsviði, framfylgd laga og reglna á sviði eignastýringar, fjárfestavernd og upplýsingum til viðskiptavina eignastýringarsviðs. Í kjölfar athugunarinnar var rituð skýrsla um heimsóknina. Gerðar voru kröfur um úrbætur er skyldi vera lokið innan tiltekins frests. Drög að skýrslunni voru afhent stjórnendum VBS til yfirlstrar og var þeim gefin kostur á að koma með athugasemdir við skýrsluna.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina og miðast þær við stöðu mála á þeim tíma sem athugunin fór fram. Á grundvelli 139. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega niðurstöður í athugunum er varða ákvæði fyrrgreindra laga. Gagnsæisstefnan er nánar útfærð á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, <http://www.fme.is/?PageID=403>.

### **Upplýsingagjöf eignastýringarþjónustu**

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við ófullnægjandi upplýsingar VBS til viðskiptavina um áhættu tengda einstökum fjármálagerningum og benti á að samkvæmt 14. gr. laga nr. 108/2007 skuli fjármálafyrirtæki veita viðskiptavinum sínum og öðrum sem það býður þjónustu sína greinargóðar upplýsingar um fjármálafyrirtækið sjálft, þjónustu þess, þá fjárfestingakosti sem þeim standa til boða og þá áhættu sem slíkum fjárfestingum fylgir.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við aðferðir við mat og samanburð á árangri fyrirtækisins og möguleikum viðskiptavina til að meta slíkan árangur út frá fyrirfram tilgreindum viðmiðum í samræmi við 30. gr. reglugerðar nr. 995/2007.

Fjármálaeftirlitið gerði ennfremur athugasemdir við að á yfirlitum yfir viðskipti og stöðu safna viðskiptavina var ekki að finna upplýsingar um heildarfjárhæð þóknana og gjalda sem stofnað var til á tímabilinu með sundurliðun á þóknunum og kostnaði, sbr. 41. gr. reglugerðar nr. 995/2007. Þá var ekki að finna yfirlit yfir heildarfjárhæð arðgreiðslna, vaxta og annarra móttækinna greiðslna á skýrslutímabilinu.

### **Úrtak safna í eignastýringu**

Fjármálaeftirlitið benti á að hætta væri á hagsmunaaðrekstrum, bæði á milli viðskiptavina bankans innbyrðis og á milli bankans og viðskiptavina hans, við kaup eignastýringarsviðs á veðskuldabréfum útgefnum af viðskiptavinum bankans. Fjármálaeftirlitið benti einnig á mikilvægi þess að upplýsa viðskiptavinum bankans um ýmsa þætti í tengslum við þessi viðskipti.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við að eftirliti með fjárfestingastefnu og framkvæmd hennar væri ábótavant eftir könnun á viðskiptamannayfirlitum, hreyfingalistum og eignastýringarsamningum ákveðins úrtaks viðskiptavina og samanburð við fjárfestingastefnu þessara aðila.

### **Þjálfun og hæfi starfsmanna**

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við að fræðsla starfsmanna væri ómarkviss, en skv. 4. gr. reglugerðar nr. 995/2007, um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, skal fjármálafyrirtæki m.a. tryggja að starfsmönnum þess sé kunnugt um þær reglur og verkferla er fylgt skal í starfsemi þess.

Þá mæltist Fjármálaeftirlitið til þess að VBS setji sér skriflegar viðmiðunarreglur um hvaða starfsmenn skuli hafa lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.

### **Annað**

Bent var á að upplýsingar á heimasíðu VBS væru misvísandi og mikilvægi þess að slíkar upplýsingar séu skýrar og lýsi vel þeirri þjónustu sem í boði er fyrir fjárfesta.

Bent var á að bæta mætti aðskilnað á milli starfssviða.

Fjármálaeftirlitið taldi fyrirkomulag við verðbréfavíðskipti starfsmanna viðunandi, en beindi þeim tilmælum til félagsins að endurskoða reglurnar m.t.t. gildistöku nýrra laga um verðbréfavíðskipti.

Fjármálaeftirlitið áréttaði mikilvægi þess að starfsmenn eignastýringarsviðsins fylgi formlegu ferli við meðferð kvartana og að haldið sé miðlægt utan um allar kvartanir sem ekki er hægt að leysa samstundis.

Allir starfsmenn í eignastýringu eru með hljóðritaðan síma en Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við að einnig væru notaðar samskiptaleiðir sem ekki væru rekjanlegar s.s. farsímar og MSN samskiptaforrit við móttöku fyrimæla um verðbréfavíðskipti og eignastýringarsamninga.